

Fimmtugasti fundur stjórnar Fræðslusjóðs

9. febrúar 2016 kl. 9.30-11.00

í Skipholti 50b, III hæð

Mæting: Guðrún Ragnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Fjóla Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfssdóttir, Halldór Grönvold, Jón Fannar Kolbeinsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Frá FA voru mætt: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri og Björn Garðarsson.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Úthlutunarnefnd vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna

Eftirfarandi tilnefningar hafa borist: Eyrún Björk Valsdóttir ASÍ, Guðrún Eyjólfssdóttir SA, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir MRN, Guðríður Sigurbjörnsdóttir BSRB, Berglind Eva Ólafsdóttir Sambandi ísl. sveitarfélaga. Samþykkt.

Formaður gerði það að tillögu sinni að Svanhildur Kr. Sverrisdóttir verði formaður úthlutunarnefndar og var það samþykkt.

3. Yfirlit úthlutana eftir breytingar lagt fram

Sjá fundargögn. Lögð voru fram yfirlit eftir breytingar á síðasta fundi stjórnar. Breytingarnar varða eingöngu fjármagn til vottaðra námsleiða og nýsköpunar- og þróunarverkefna.

4. Samráðsfundur með fræðsluaðilum

Fræðslusjóður hélt fund með fræðsluaðilum þann 20. janúar sl. Fundurinn þótti góður, upplýsandi og hreinskiptinn. Stjórnarmenn voru ánægðir með að fá góða samantekt á fundinum. Margt kom fram sem vakti athygli stjórnar Fræðslusjóðs er varðar sýn og viðhorf samstarfsaðila til sjóðsins.

5. Uppgjör náms- og starfsráðgjafar 2015 á grundvelli menntunarstöðu – yfirlit

Farið var yfir fyrirliggjandi gögn, sjá fundargögn. Samþykkt að kynna niðurstöðurnar fyrir fræðsluaðilum hverjum fyrir sig og óska eftir skriflegum skýringum frá þeim aðilum sem þurfa að skila fjármagni miðað við yfirfarin gögn ársins 2015.

6. Framlög til þriggja ára

Skv. lögnum er heimilt að móta stefnu um framlög til þriggja ára. Formaður leitaði eftir hugmyndum um hvernig æskilegt væri að móta slíka stefnu. Í umræðum kom fram að ekki þykir tímabært að festa framlögin til lengri tíma að svo stöddu þar sem unnið er að þróun ýmsa þátta er varðandi framlög Fræðslusjóðs.

7. Næsti fundur

15. mars 2016 kl. 9:30-11.00. Fundarmenn staðfestu að þeir kæmst á þennan fund.

8. Önnur mál

a. Flóttafólk og aðrir sem hafa ekki íslenska kennitölu

Þeir sem ekki hafa kennitölu eru einkum hælisleitendur. Spurning hvort þessi hópur rúmast innan skilgreiningar framhaldsfræðslulaga um að vera markhópur Fræðslusjóðs. Samþykkt að leitað verði upplýsinga og túlkunar laganna hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

b. Viska beiðni um færslu milli flokka í raunfærnimati

Sjá tölvupóst í fundargögnum. Samþykkt að heimila flutninginn. Um er að ræða samstarfseiningar á verðlagi Fræðslusjóðs þ.e. 1.600 kr. einingin.

c. Erindi frá Þekkingarneti Þingeyinga

Sjá fundargögn. Lagt fram til kynningar.

d. Greiðslur vegna fjölda námsmanna í námsleiðum, þar sem fjöldi námsmanna er minni en almennt gerist.

GA. MB JFL SJ HG

Starfsmönnum FA var falið að taka saman þær námskrár sem hafa ákvæði um færri námsmenn en almenna reglan segir til um og gera tillögu að greiðslum vegna fleiri / færri námsmanna. Fyrir fundinum lá yfirlit yfir þessar námskrár með tillögu, sem var samþykkt.

e. *Endurkoma nemenda – erindi frá Mími-símenntun*

Sjá tölvupóst frá Mími-símenntun í fundargögnum. Stjórnin sér ekkert því til fyrirstöðu að fræðsluaðili innheimti gjöld af einstaklingum sem sækja einstök fög, hafi þeir áður lokið að minnsta kosti 80% námsleiðarinnar. Ekki fylgir framlag Fræðslusjóðs þeim einstaklingum, enda telur stjórn Fræðslusjóðs málefnið utan verkswiðs síns.

Gulnir Þagnarson
Hallaor Gunnarsson

Árni Þorsteinsson
Höfnunardóttir
Jónína
Jónína Leita Gunnarsdóttir

Andri Þorsteinsson
Eiríkur Hilmarsson